

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá meirihluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010.

Markmið við gerð fjárlagafrumvarpsins um samdrátt í rekstrarútgjöldum 2011 voru að ná fram 9% lækkun á veltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá framhaldsskólum, heilbrigðisstofnunum, stofnunum fyrir fatlaða og lögregluembættum.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Svein Margeirsson og Kristin Kolbeinsson frá Matís ohf., Karítas Margréti Jónsdóttur og Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Ólaf K. Ólafs og Skúla Bjarnason frá Lífeyrissjóði bænda, Kjartan Ólafsson og Jón G. Guðbjörnsson frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Jóhann Sigurjónsson og Vigni Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnuninni og Jón Gíslason og Stefán Guðmundsson frá Matvælastofnun auk þess sem nokkur fjöldi gesta kom til fundar við nefndina vegna umsókna um fjárveitingu af safliðum.

Fram kom á fundi nefndarinnar að heildarútgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2011 eru áætluð 20.380 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.742,3 m.kr. en þær nema 8,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 18.637,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 15.968,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.669,5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.830,5 m.kr. og lækka því um 591,1 m.kr. milli ára. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 349,1 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Við þessa hagræðingu hefur ýmsu verið forgangsraðað þannig að ekki er um flatan niðurskurð að ræða. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 337,9 m.kr. og verða 14.662,8 m.kr. Loks er gert ráð fyrir að skuldbindandi samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gert nemi um 10.634,0 m.kr. á yfirstandandi ári, samtals munu samningarnir því nema um 53,9% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2010 fékk Lífeyrissjóður bænda framlög úr ríkissjóði samtals að fjárhæð 178 m.kr. Hefur sjóðurinn tekið við slíkum framlögum í áraföld. Ekki er að sjá að sjóðnum sé ætlað framlag úr ríkissjóði á árinu 2011. Kemur þannig fram í athugasemdum við greinargerð frumvarpsins að gert sé ráð fyrir því að framlög til sjóðsins falli niður og að slík framlög hafi hingað til verið veitt án laga- eða samningsskyldu. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum sjóðsins að framlög ríkissjóðs hafi staðið undir 8% lögbundnu framlagi launagreiðenda í sjóðinn. Þar sem slíkt framlag félli niður væri sjóðurinn tilneyddur til þess að innheimta 8% framlag launagreiðenda af bændum sjálfum og að bændum hafi þegar verið tilkynnt um að svo mundi málum verða háttað. Þá kom einnig fram að framlagið í sjóðinn hafi oft verið

notað sem óformlegt gagngjald í við gerð búvörusamninga á milli ríkisstjórna og samtaka bænda. Telur sjóðurinn því að í frumvarpinu felist í raun að einhliða sé horfið frá samningsskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Meirihlutinn bendir á að fjárstjórnarvaldið er í höndum Alþingis og hafa dómstólar staðfest að samningar stjórnvalda sem fela í sér eign- eða fjárstjórn eru, hvað gildi varðar, í raun gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þó telur meirihlutinn rétt að nefna sérstaklega það sjónarmið sem fram kom hjá fulltrúum sjóðsins að bændur verði fyrir tekjuskerðingu sem nemur þeirri fjárhæð sem þeir þurfa nú að hefja að greiða í sjóðinn á grundvelli lagaskyldu. Þá telur meirihlutinn verulega hættu á að tekjuskerðingin leiti út í almennt verðlag búvara sem hafi svo aftur áhrif á kjör heimila, beint í gegnum vöruverð og óbeint í gegnum verðbólgu og verðbætur. Loks vekur meirihlutinn sérstaka athygli á því að fulltrúar sjóðsins telja hann fjárhagslega sterkan og að fall íslensku bankanna hafi komið minna við hann en marga aðra íslenska lífeyrissjóði. Af þeim sökum hafi sjóðurinn ekki þurft að skerða réttindi sjóðsfélaga.

Framlög til Hafrannsóknastofnunarinnar lækka frá síðasta fjárlagaári um 123 m.kr. að raungildi samkvæmt frumvarpinu. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum stofnunarinnar að mögulega yrði fyrirhuguðum niðurskurði fjárframlaga mætt með því að færa verkefni rannsóknarskipsins Bjarna Sæmundssonar yfir á önnur rannsóknarskip og leggja Bjarna Sæmundssyni. Þetta mundi hafa í för með sér færri úthaldsdaga og þar með minni rannsóknir á uppsjávarfiski auk þess sem þátttöku í bergmálmælingum á karfa í Grænlandshafi yrði hætt. Gert væri ráð fyrir að fækka í áhöfnum rannsóknarskipa um 10–12 manns auk þess sem laun annarra starfsmanna, er tengjast úthaldi skipa, munu lækka. Þá muni haustrall stofnunarinnar falla niður.

Fjárveiting til Fiskistofu nemur 721,7 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og lækkar að raungildi um 65,7 m.kr. frá fjárlögum 2010. Á fundi nefndarinnar kom fram að lækkuninni verði mætt með því að draga úr launakostnaði, m.a. með lækkun launa, og kostnaði við kaup á rekstrarfjármunum. Töldu fulltrúar Fiskistofu að stofnunin væri komin að þolmörkum hvað varðar fjölda starfsmanna í ljósi þeirra verkefna sem henni er skylt að inna af hendi, ekki væri ráðið í störf sem losnuðu og því væri verkefnum þeirra starfsmanna sem láta af störfum ráðstafað til annarra starfsmanna. Bentu fulltrúar stofnunarinnar á að þeir eygðu möguleika á að auka sértekjur stofnunarinnar með því að hækka gjöld fyrir útgáfu almennra veiðileyfa sem ekki hafa hækkað frá 1999 og því ekki fylgt breytingum á almennu verðlagi. Þá kom fram að niðurskurður stofnunarinnar mundi ekki koma niður á fjölda starfa á vegum hennar á landsbyggðinni.

Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir að fjárveiting til Framleiðnisjóðs bænda muni lækka um 133 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010. Á fundi nefndarinnar kom fram að sjóðurinn hyggist mæta þessum mikla niðurskurði fjárframlaga með því að draga úr framlögum sínum til rannsóknartengdra verkefna og einbeita sér að nýsköpun í dreifbýli. Var á það bent að rannsóknartengd verkefni væru á málefnasviði menntamálaráðuneytis og því eðlilegt að framlög til slíkra verkefna færdust þangað. Töldu fulltrúar sjóðsins sig ekki hafa fengið upplýsingar um það frá stjórnvöldum hvort til stæði að leggja sjóðinn niður en færi svo að ekki yrði veitt fjármagn til hans næstu ár mundi starfsemi hans verða sjálfhætt. Í frumvarpinu kemur einnig fram að sértekjur sjóðsins muni á næsta ári nema 35,6 m.kr. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum sjóðsins að þeim væri ekki kunnugt um hvað þarna byggi að baki. Töldu þeir að um arf frá fyrri tíð væri að ræða þegar til sjóðsins runnu svokölluð fóðurbætisgjöld en lagalegur

grundvöllur slíkra gjalda væri ekki lengur til staðar og svo hefði verið um nokkra hríð. Vill meirihlutinn benda á að gera verður breytingar á frumvarpinu hvað þetta varðar.

Hvað varðar niðurskurð fjárveitinga til stofnana samkvæmt frumvarpinu vill meirihlutinn áréttta sérstaklega gífurlega mikilvægt hlutverk Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir framtíð Íslendinga sem fiskveiðihjóðar sem stundi sjálfbærar veiðar. Í máli fulltrúa stofnunarinnar kom fram að stofnunin hefði í raun verið í ákveðinni vörn hvað fjárveitingar varðar öll síðustu ár þar sem verkefni stofnunarinnar hefðu aukist hratt en fjárveitingar ekki fylgt. Þá bentu þeir á að stöðug hækkun oliuverðs hefði haft veruleg kostnaðaraukandi áhrif og íþyngt allri starfsemi. Telur meirihlutinn rétt að vekja athygli á framangreindu og bendir sérstaklega á viðamiknið hlutverk stofnunarinnar sem m.a. kemur fram í 17. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum. Telur meirihlutinn að rétt sé að hafa sérstaklega í huga það vægi sem rannsóknir stofnunarinnar hafa við ákvarðanatöku um heildarafla sjávarafila en ekki síður þann grundvöll sem slíkar rannsóknir veita kröfum Íslendinga á alþjóðavettvangi, t.d. hvað varðar veiðar á makríl í fiskveiðilandhelginni. Hvetur meiri hlutinn til þess að við niðurskurð fjárveitinga til Hafrannsóknastofnunarinnar verði tekið tillit til mikilvægs hlutverks stofnunarinnar fyrir rannsóknir á ástandi fiskstofna sem leggja grunn að veiðiráðgjöf stofnunarinnar til stjórnvalda.

Nefndin tók fyrir skiptingu safnliðar 04-190-1.90, Ýmis verkefni, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Nefndinni bárust margar umsóknir og tók nefndin á móti nokkrum fjölda gesta í tengslum við safnliðina. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðar 04-190-1.90 eru í meðfylgjandi fylgiskjali og leggur nefndin til að safnlið 04-190-1.90 verði skipt samkvæmt sundurliðuninni sem þar er tilgreind. Nefndin ræddi mikilvægi þess að fé sé varið í verkefni sem ekki eru fjárfrek en eru líkleg til atvinnusköpunar og hafði nefndin þau sjónarmið að leiðarljósi við úthlutun. Þá taldi nefndin sér rétt og skylt að líta til þess að ætlunin virðist sú að nokkrum verkefnum verði veitt fé samkvæmt öðrum liðum frumvarpsins. Þannig kom fram í athugasemdum við frumvarpið að ætlunin væri að Beint frá býli, félagi heimavinnsluaðila, yrði úthlutað 6 m.kr. af liðnum 04-190-1.98, ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þá er ætlunin að veita Vör, sjávarrannsóknarsetri í Ólafsvík 23,2 m.kr. og Sjávarlíftæknisetrinu BioPol ehf. 25 m.kr. af sama lið. Auk þessa er gert ráð fyrir að framlög til Veiðimálastofnunar verði 99,9 m.kr. samkvæmt lið 04-405. Nefndin vekur athygli á því að hún telur að verkefni Austfirskar krásir og Blóm í bæ 2011 falli undir gildissvið svokallaðra menningarsamninga, samninga um samstarf menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Suðurlandi og Suðurnesjum um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Því ættu umsóknir um fjárveitingar til verkefnanna betur heima hjá menningarráðum Suðurlands og Austurlands. Kýs nefndin að taka það sérstaklega fram að hún telur stöðu Kattavinafélags Íslands það sérstaka að ekki verði hjá því komist að veita fé til félagsins. Félagið á sér langa sögu og ber saga þess vott fórnfýsi og ósérplægni hvað aðbúnað og aðstæður katta varðar. Félagið hefur aldrei notið opinberra styrkja og hafa tekjur og sjálfstæð fjárframlög til félagsins farið minnkandi upp á síðkastið. Af framangreindum sökum sér félagið fram á lokun athvarfs fyrir ketti. Að lokum bendir nefndin á að hún telur að vistfræðirannsóknir á háhitasvæðum á vegum Veiðimálastofnunar eigi undir málefnavið umhverfisráðuneytisins.

Það er ljóst að á komandi missirum verður ekki dregið úr þeim niðurskurði sem

frumvarpið gerir ráð fyrir og verður mörgum greinum erfiður. Meirihlutinn ítrekar því mikilvægi þess að við niðurskurðinn sé lögð áhersla á að halda inni verkefnum sem eru mikilvægt framhald á þegar höfnum verkefnum, stuðla að nýsköpun og teljast atvinnuskapandi.

Björn Valur Gíslason skrifar undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 15. nóv. 2010.

Róbert Marshall, form.,

Björn Valur Gíslason, með fyrirvara,

Helgi Hjörvar,

Arndís Soffía Sigurðardóttir,

Ólína Þorvarðardóttir.

04-190-190 Ýmis verkefni

Umsækjandi	Nánari skýring	Beiðni Fjárlög		
		2011	2010	Tillaga
Austfirskar krásir	Austfirskar krásir, uppskeruhátíð matvælaklasa á Austurlandi.	0,7		0,0
Beint frá býli	Beint frá býli, uppbygging og markaðsstarf.	4	6,0	0,0
BioPol ehf.	BioPol ehf., hrognkelsarannsóknir.	5	3,0	3,5
BioPoi ehf.	BioPol ehf., tækjakaup.	4,6	2,5	0,0
BioPoi ehf., sjávarlíftækni-setur	BioPol ehf., rannsóknir á skötusel.	6		2,0
Egill Össurarson	Sauðfjárvarnagirðing, upptaka. Ath. sama girðing og í 126?	6		0,0
Framkvæmdasjóður Skrúðs	Skrúður í Dýrafirði, bygging þjónustuhúss.	5	2,8	2,5
Garðyrkjufélag Íslands	Garðyrkjufélag Íslands, landsbyggðarþjónusta.	1,5	1,5	1,0
Hveragerði	Hveragerði, sýningin Blóm í bæ árið 2011.	1,5		1,0
Jónas Þór Sigurbjörnsson	Gaujulundur Vestmannaeyjum, viðhald og aðgengi.	1,6		1,0
Júlíus Már Baldursson	Landnámsþæning, verndun og kynning.	10		1,0
Kattavínafélag Íslands	Kattavínafélag Íslands, rekstur Kattholts.	5		2,0
Landssamtök hestamennsku og hrossafæktar	Landssamtök hestamanna og hrossaræktar, þróunar- og átaksverkefni.	25		6,0
Landssamtök skógareigenda	Landssamtök skógareigenda, starfsmaður.	13,3	7,0	4,0
Laxfiskar ehf.	Laxfiskar ehf., atferlisrannsóknir á nytjafiskum á grunnsævi.	5		4,0
Laxfiskar ehf.	Laxfiskar ehf., gönguhegðun laxa í sjó.	2,3	2,3	0,0
Ólafsdalsverkefnið	Ólafsdalsfélagið, matjurtarækt og jarðræktarminjar.	2,5		1,5
Skelrækt, samtök kræklingaræktenda	Skelrækt, samtök kræklingaræktenda, starfsmaður.	4,5		3,0
Skotta kvikmyndafélag	Skotta kvikmyndafélag, myndbandagagngrunnur landbúnaðar og sjávarútvegs.	5,3		1,0
Snæfellsbær	Snæfellsbær, Vör - sjávarrannsóknastur við Breiðafjörð, stuðningserindi, sjá nr. 110.	0	2,2	0,0
Sveitarfélagið Skagaströnd	Sveitarfélagið Skagaströnd, mælir með erindum BioPol ehf., sjá 166-168.	0		0,0
Tún vottunarstofa	Tún vottunarstofa, þróun framleiðslu lífrænn afurða.	8	5,1	5,0
Veiðimálastofnun	Veiðimálastofnun, nýting sjóbirtings og bleikju.	4,7		0,0
Veiðimálastofnun, umhverfisvið	Veiðimálastofnun, vistfræðirannsóknir á háhitasvæðum.	8,5		0,0
Vesturbyggð	Sauðfjárvarnagirðing, upptaka.	14,5		0,0
Vör Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð	Vör Sjávarrannsóknarsetur, uppbygging rannsókna.	18	2,2	2,5
Æðarræktarfélag Íslands	Æðarræktarfélag Íslands, ýmis verkefni.	3	0,5	1,0
		165,5	35,1	42,0

Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi:

42

Mismunur:

0